



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

25. árg. 2016 3. tbl.

Skógarjól



Jólatréð í stofu stendur...



Ég er ein af þeim sem ólst upp við það að hafa lifandi jólatré um jólin. Framboð á gervijólatrjám var mun minna í minni barnæsku en nú er, þannig að flestir völdu að hafa lifandi tré, auk þess sem ég held að náttúrufræðingurinn faðir minn hefði varla tekið í mál að

hafa slíkt gervidót í stofunni. Það var því fastur liður fyrir jólin, þegar ég var barn, að fjölskyldan fór saman í jólatrjáasölu Landgræðslusjóðs í Fossvoginum að velja tré. Þótt ljótt sé frá að segja varð iðulega fyrir valinu erlendur nordmannspínur frekar en „íslenska jólatréð“ rauðgreni, aðallega vegna þess að þinurinn stingur minna. Móðursystir mín var hins vegar iðulega með furu, sem mér fannst á þeim tíma heldur skrítið jólatré – ekki með þessa hefðbundnu jólatrésögun.

Það urðu því nokkur vandræði á æskuheimilinu um síðustu aldamót, þegar Landgræðslusjóður lagði niður jólatrjáasöluna. Hvar átti nú að fá jólatré? Félagslega sinnaðir foreldrarir vildu áfram geta stutt gott málefni með kaupum á jólatré, þannig að sala Flugbjörgunarsveitarinnar varð fyrir valinu. Þetta breyttist svo allt þegar ég hóf störf hjá Skógræktarfélagi Íslands árið 2005. Félagið hefur um áraraðir tekið á móti skipulögðum hópum, sem koma upp í Brynjúdal í Hvalfirði til að fella eigin jólatré og við starfsfólkið fáum einnig jólatré þar. Fyrir jólin 2005 fór ég því í fyrsta skipti út í skóg að velja og fella tré og hef gert það síðan. Í íslenskum skógum

er nordmannspínur vart í boði, þannig að nú þurfti að breyta til. Foreldrarir vildu áfram „hefðbundið“ jólatré, þannig að næstu árin var borið í hús annaðhvort fjallapínur eða rauðgreni og sett upp í stofunni.

Smekkur minn fór hins vegar að breytast. Í Brynjúdalsskógi sá ég tré af ýmsum stærðum og gerðum sem öll höfðu sinn sjarma og margar fjölskyldur koma alsælar út úr skóginum með „sitt“ tré, sem myndi ekki standast hefðbundnar fegurðarkröfur hjá jólatrjáasölum. Enda tækifæri til þess, þegar allur skógurinn stendur til boða, að velja sér tré sem fellur utan við „normið“ en passar í stofuna hjá þér. Ef þú þarft að stilla jólatrénu upp við vegg getur verið miklu betra að fá tré sem er hálf, þ.e. vantar greinar öðru megin. Eftirminnileg er konan sem náði sér í þrítoppa tré og var alsæl með það, þar sem hún átti þrjá jólatréstoppa og gat nú haft þá alla í einu á trénu, í stað þess að þurfa að velja á milli.

Jólin 2009, eftir andlát pabba, tókst mér svo loks að sannfæra mömmu um að prófa tegundina sem mér fannst svo skrítið jólatré í æsku – furuna. Frá þeim jolum hefur alltaf staðið fura í stofunni hjá mér um jólin. Ilmandi, barrheldin fura, með nálum sem eru nógu stórar, sterkar og fastar á til að hengja megi á þær létt jólaskraut, er nú orðin jólatréð mitt. Tré sem ég vel og felli sjálf, því að velja sér lifandi jólatré úti í skógi er, að mínu áliti, svo miklu skemmtilegra og jólalegra en að sækja eitthvað plastdót út í geymslu.

Ragnhildur Freysteinsdóttir, ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 25. árgangur, 3. tölublað 2016.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2016:

Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Laufey B. Hannesdóttir
Sigríður Heiðmundsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk fyrr í ár styrk til gróðursetningar úr Global ReLeaf Partnership for Trees verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Hefur félagið fengið slíka styrki tvisvar áður, árið 2011 og í fyrra, í bæði þau skipti í samstarfi við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar.

Var styrkurinn nú nýttur til gróðursetningar trjáplantna á Eskifirði og á Úlfjótuvatni. Var megnið af plöntunum sett niður af fimm sjálfboðaliðum á vegum European Volunteer Service, sem unnu hjá Skógræktarfélagi Íslands í sumar, auk starfsfólks Skógræktarfélags Íslands. Á Eskifirði var einnig efnt til sjálfboðaliðadags í gróðursetningu, í samstarfi við Alcoa á Íslandi og komu þar að gróðursetningunni félagsmenn Skógræktarfélags Eskifjarðar og nemendur 9. og 10. bekkjar Grunnskóla



Hluti hópsins sem gróðursetti á Eskifirði á boðuðum sjálfboðaliðadegi (Mynd: Kristinn Þór Jónasson).

Eskifjarðar ásamt fjölskyldumeðlimum. Einnig mættu sjálfboðaliðar frá Worldwide Friends til gróðursetningar á Eskifirði hluta úr degi.

Framkvæmdaár hjá Skógræktarfélagi Austur – Húnavetninga

Þó nokkrar framkvæmdir hafa verið hjá Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga þetta árið. Töluvert er búið að grisja á Gunnfríðarstöðum og Fjósum á árinu en mikil þörf er orðin á grisjun. Á Gunnfríðarstöðum var grisjað fyrir áframhaldandi stígagerð og síðan fenginn grófuverktaki sem sléttaði landið en þá var kominn stígur fyrir gangandi og sexhjól. Landsnet kom í júní og felldi það sem eftir var af trjám undir byggðalínunni í landi Gunnfríðarstaða, en trén voru farin að ógna flutningsöryggi á rafmagni. Línar liggur langsum eftir landinu á annan kílómetra og þarf að vera 25 til 30 m autt svæði undir henni. Samanlagt fara þar tæpir 3 ha að flatarmáli en þar gætu staðið 7 til 8 þúsund tré.

Einnig var unnið við vegagerð með 22 tonna beltagröfu og lagðir moldarvegslóðar að skógarreitum sem á að grisja í vetur og á næstu árum.

Á Gunnfríðarstaðasvæðinu eru ágæt skilyrði til skógræktar og hafa batnað með árunum með hlýnandi veðráttu og auknu skjóli af skóginum. Á upphafsárum gróðursetninga var tíðarfar kalt (hafisárin) og erfitt að rækta tré eins og rauðgreni. Í dag er hægt að planta ýmsum tegundum eins og eplatrjám, eikum, broddhlynum og rósum og þau lifa ágætlega. Félagið setti niður 23 nýjar tegundir í sumar og enn er að bætast við tegundafjöldann



Nýr vegslóði á Gunnfríðarstöðum. Júlíus Línal verktaki sá um vegalagninguna (Mynd: Páll Inghór Kristinsson).

á vinsælu útivistarsvæði við skógarkofann og Paradísar-rjóður.


Á Fjósum kom grisjunarflokkur á haustdögum og vann í nokkra daga við grisjun á lerki sem gróðursett var um 1985 en töluverð grisjunarþörf er orðin í skóginum. Myndarleg tré af norsku hengibirki eru á Fjósum og hefur verið tekið fræ af þeim síðustu tvö haust.

Tré ársins 2016

Tré ársins 2016 var útnefnt við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 24. ágúst síðast liðinn og er það alaskaösp (*Populus balsamifera* ssp. *trichocarpa*) sem stendur við Hákot (Garðastræti 11a) í Grjótaþorpinu.

Tréð á sér nokkuð merkilega sögu, en það stóð upprunalega á nágrannalóðinni. Stóð til að fella það vegna byggingaframkvæmda þar, en Ragnheiður Þorláksdóttir, íbúi og eigandi Hákots, fékk því framgengt að tréð yrði fært yfir í hennar garð. Voru notaðar stórvirkar vinnuvélar til þess, enda tréð um 5 m hátt, og var það fært á núverandi stað árið 1986, þar sem það hefur vaxið og dafnað síðan. Upphaflega hefur tréð að öllum líkindum verið gróðursett um 1960. Tréð hefur ávallt vakið athygli og hefur verið gleðigjafi eigandans og umhverfisins frá upphafi. Útlitið er óvenjulegt af ösp að vera, en krónumikill vöxtur og öflug greinasetning einkennir það.

Athöfnin hófst á tónlist, en Lilja Valdimarsdóttir hornleikari flutti nokkur vel valin lög. Því næst flutti Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarp. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur kom svo með hugleiðingu, en hann er vel kunnugur bæði trénu og Ragnheiði eigenda þess. Því næst afhenti Magnús Ragnheiði viðurkenningarskjal af þessu tilefni. Sigurður Björn Blöndal, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar, hélt því næst tölu. Að því loknu var komið að mælingum á trénu og sáu Einar Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands um það. Reyndist þvermál trésins í brjósthæð vera 1,8 m og hæð þess 17,5 m. Formlegri dagskrá lauk svo með því að Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson fluttu nokkur lög, þar á meðal lagið *Breytir borg um svip*, sem var sérstakt óskalog Ragnheiðar, eigenda trésins. Að formlegri dagskrá lokinni nutu gestir svo veitinga í boði Arion banka, en hátt í hundrað manns mættu á viðburðinn, enda var einmuna blíða þennan dag. Var mjög ljúft að dvelja í



Tré ársins 2016. Eins og sjá má setur það mikinn svip á umhverfið (Mynd: RF).

garðinum í sólinni og njóta þess að horfa á Tré ársins.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um land allt.



Að ofan. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhendir Ragnheiði Þorláksdóttur, eigenda trésins, viðurkenningarskjal (Mynd: RF).

T.v. Guðmundur Pétursson og Ragnheiður Gröndal flytja vel valin lög við útnefninguna (Mynd: RF).



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2016

81. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn dagana 2.-4. september á Djúpavogi og var Skógræktarfélag Djúpavogs gestgjafi fundarins. Á annað hundrað gestir mættu á fundinn, sem tókst mjög vel. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var, eins og venja er á aðalfundinum, boðið upp á áhugaverð og fjölbreytt fræðsluerindi og haldið í tvær vettvangsferðir, annars vegar að Teigarhorni og hins vegar í Hálsaskóg. Einnig var hjónunum Ragnhildi Garðarsdóttur og Sigurði Guðjónssyni í Aski veitt viðurkenning fyrir störf í þágu skógræktar.

Aðalfundurinn er mikilvægur félagslegur vettvangur, þar sem fundargestum gefst kostur á viðræðum við annað skógræktarfolk.

Nánar má lesa um fundinn á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is/adalfundur.



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands kynnir reikninga félagsins við upphaf fundar (Mynd: RF).



Í vettvangsferð til Teigarhorns. Hér fræðir Sævar Þór Halldórsson fundargesti um náttúru svæðisins (Mynd: RF).



Fundargestir aðalfundar njóta veðurbliðunnar í Hálsaskógi við Búlandsnes, í vettvangsferð laugardags (Mynd: RF).



Að ofan. Ragnhildur Garðarsdóttir tekur við viðurkenningu fyrir störf í þágu skógræktar úr hendi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, á kvöldvöku á laugardagskvöldi (Mynd: EG).



T.v. Saxóföntónleikar í lok heimsóknar í Hálsaskóg (Mynd: RF):

Hugmyndabankinn – efniviður skógarins: Jólaskraut

Jólaskraut má búa til úr ýmsu hráefni en löng hefð er fyrir notkun viðar í þannig skrautmuni. Meðal margs annars eru ýmiskonar „hengi“ gerð úr viði, hvort sem er til að hengja upp í glugga eða annars staðar innanhúss eða á jólatréð sjálft. Viður getur verið mjög heppilegur efniviður í jólaskraut sem hengt er á jólatré, vegna þess hve hlutfallslega léttur hann er miðað við margt annað efni sem notað er í slíkt skraut, svo sem málmetall eða gler. Er lítið mál að hafa fallega trémuni á fingerðari tegundum jólatrjáa, svo sem rauðgreni eða þin, eða jafnvel hengja það á einstakar nálar á furu, sem býður upp á alveg nýja röðun skrauts á tréð. Viðarskraut má hvort sem er mála eða leyfa náttúrulegum lit viðarins að njóta sín, en liturinn getur verið margbreytilegur eftir því um hvaða viðartegund er að ræða, allt frá næstum hvítum lit yfir í dökk- eða svarbrúnan, með rauða og gula tóna þar á milli.

Hér á má sjá nokkrar hugmyndir að hinum ýmsu „hengjum“.



Falleg, einföld og stílhrein hönnun. Hvíti liturinn nýtur sín sérlega vel á móti grænum lit jólatrjáa, en auðvitað má hafa slíkt hengi í hvaða lit sem er; allt eftir því hver er uppáhaldslitur viðkomandi. Og ekki spillir fyrir að hér er um íslenska framleiðslu að ræða (Mynd: RF).



Að ofan. Hér er laserskurður notaður til að fá mjög fingerða drætti í útskurðinn. Svo er líka kostur, að þar sem hvorki liturinn á skrautinu, né formið (tréð) er sérstaklega „jólalegt“ þá er hægt að nýta þetta til skrauts á öðrum árstímum líka! (Mynd: RF).

T. h. miðja: Þetta snjókorn er nytsamlega hannað. Þegar það hangir á trénu er það alveg þrívítt, en þegar kemur að því að pakka skrautinu saman eftir jólin má taka það í sundur og pakka því flötu, sem bæði sparar pláss og minnkar líkur á því að það brotni (Mynd: RF).

T. h. Svona jólaskraut búa menn til í Rússlandi. Rennt í rennibekk og svo málað með tilvísun í hefðbundin litrík „næpu-form“ kirkjubygginga í Rússlandi. Spurning um hvaða hérað byggingarlist myndi henta best í álíka skraut. Einhver sem vill prófa að búa til svona torfbæ? (Mynd: RF).





Einfalt jólaskraut, þar sem viðarliturinn fær að njóta sín. Hér er notaður krossviður, en það er ekkert sem mælir gegn því að nota hvaða þunnskorna við sem er. Þetta jólatrésskraut er það létt að ekkert mál er að láta það hanga á nál á furutré, hjá þeim sem hafa slík jólatré (Mynd: RF).



Fallegt getur verið að hafa svona útskorinn köngul með í bland við alvöru köngla á jólatrénu. Ljós viðarlitur getur myndað skemmtilega andstæðu við dekkri lit alvöru könglanna (Mynd: RF).

Frænámskeið á Elliðavatni

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð fyrir námskeiði um tínslu, meðhöndlun og sáningu fræs í byrjun október. Sá Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, um kennslu á námskeiðinu. Var námskeiðið vel sótt en rúmlega 20 manns voru skráðir. Hófst námskeiðið um morgun á erindi Aðalsteins um fræsöfnun og sáningu, en eftir það var haldið út í skóg, þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að prófa að tína furu- og greniköngla, auk sýnikennslu í söfnun birkifræs. Eftir hádegðið var svo farið frekar yfir fræmeðhöndlun, þar sem þátttakendum gafst tækifæri til að spyrja út í allar þær tegundir sem fólk hafði áhuga á.



Þátttakendur á námskeiðinu tína köngla af grenitré, en starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur sá um að fella það til að hægt væri að tína af því, þar sem ekki var talið öruggt að láta fólk klifra upp í tréð til að nálgast könglana! (Mynd: RF).



Námskeiðið hófst á erindi hjá Aðalsteini Sigurgeirssyni, þar sem hann fór yfir reynslu sína af söfnun og sáningu fræs (Mynd: RF).



Hér er búið að kljúfa köngul niður eftir miðju. Ef vel er að gáð má sjá fræhvítuna í fræjunum, sem sýnir að köngullinn er vel þroskaður og fræið gott (Mynd: RF).

Góð gjöf til Skógræktarfélags Reykjavíkur

Skógræktarfélagi Reykjavíkur barst gjöf nú í haust. Er um að ræða lágmynd af Herðísi Þorvaldsdóttur, leikkonu og náttúruunnanda. Er lágmyndin gerð af listamanninum Péttri Bjarnasyni og var það Baldvin Atlason sem færði félaginu myndina, sem sett hefur verið upp í Gamla salnum á Elliðavatni.

Var myndin gerð til að minnast Herðísar fyrir þrotlausa baráttu sína fyrir gróðurvernd, en hún var óþreytandi baráttukona fyrir umhverfisvernd. Hún stofnaði og var formaður náttúruverndarsamtakanna Lífs og lands, auk þess sem hún tók þátt í starfi fjölmargra áhugafélaga um uppgræðslu og gróðurvernd. Beitti hún sér ekki síst gegn lausagöngu búfjár og ritaði um það ótal blaðagreinar, auk þess sem hún fjármagnaði úr eigin vasa og framleiddi heimildarmyndina *Fjallkonan hrópar á vægð*, sem vakti mikla athygli er hún var sýnd í Ríkissjónvarpinu árið 2012.

Var lágmyndin formlega afhjúpuð við hátíðlega athöfn föstudaginn 11. nóvember. Hófst athöfnin á ávarpi Þrastar Ólafssonar, formanns Skógræktarfélags Reykjavíkur, þar sem hann fór stuttlega yfir feril Herðísar í náttúruverndarmálum. Að því loknu flutti Ólafur Egilsson, barnabarn Herðísar, ávarp fyrir hönd fjölskyldunnar. Einnig héldu stuttar tölur Herðís Þorvaldsdóttir, barnabarn og nafna Herðísar, börn Herðísar, Hrafn og Tinna Gunnlaugsbörn, og gefandinn, Baldvin Atlason, þar sem sagt var skemmtilega frá Herðísi. Það voru svo bróðir Herðísar, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Baldvin sem afhjúpuðu lágmyndina. Þess má til gamans geta að Þorvaldur sat í mörg ár í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur.



Gefandinn, Baldvin Atlason, við lágmyndina komna upp á vegg að Elliðavatni (Mynd: Pétur Bjarnason).



Ólafur Egilsson, barnabarn Herðísar, flytur ávarp fyrir hönd fjölskyldunnar (Mynd: RF).



Baldvin Atlason (t.v.) og Þorvaldur S. Þorvaldsson, bróðir Herðísar, afhjúpuðu lágmyndina (Mynd: RF).

Svipmyndir skógræktar



Ísumar vannfimm manna hópur sjálfbóðaliða, á vegum European Volunteer Service, hjá Skógræktarfélagi Íslands. Auk þess að vinna í löndum félagsins í Brynjudal í Hvalfirði og á Úlfjótuvatni fór hópurinn í vinnuferðir til nokkurra aðildarfélaga félagsins. Eitt af þeim var Skógræktarfélag Bildudals. Á Bildudal dvaldi hópurinn í viku við gróðursetningu og önnur verk sem vinna þurfti fyrir skógræktarfélagið. Á myndinni að ofan má sjá sjálfbóðaliðahópinn ásamt Jóni Ásgeiri verkstjóra og á myndinni til hægri er Nanna Dís Gísladóttir, sem er vanur gróðursetjari á Bildudal, ásamt „skógarverðinum“ Nóru (Myndir: Nanna Sjöfn Pétursdóttir).



Að ofan. Akraneskaupstaður veitir árlega umhverfisviðurkenningar og eru veitt verðlaun í fimm flokkum – Falleg einbýlishúsalóð, Snyrtileg fyrirtækjalóð, Hvatningarverðlaun, Samfélagsverðlaun og Tré ársins. Í ár fékk Skógræktarfélag Akraness Samfélagsverðlaunin fyrir framlag sitt til umbóta- og uppbyggingarstarfs. Verðlaunin voru afhent í Tónlistarskóla Akraness þann 29. október. Mættu fimm af stjórnarmönnum Skógræktarfélagsins til að veita verðlauninum viðtöku, þau (f.v.) Philippe Ricart, Katrín Leifsdóttir, Stefán Teitsson, Bjarni Þóróddsson og Jens Baldursson (Mynd: Ragnheiður Þóra Grímsdóttir).

T.v. Lúpína slegin í Hraunskógi, sem Skógræktarfélag Vestmannaeyja hefur ræktað upp. Eins og sjá má er þarna hinn gróskulegasti skógur, þökk sé meðal annars lúpinunni, en þar sem kominn er góður gangur í vöxt trjáanna er komið að lúpinunni að hverfa á braut, enda gerir hún skóginn torfærari (Mynd: Halla Svavarsdóttir).



Fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands 2016 til Frakklands

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir fræðsluferð til Frakklands dagana 13. – 20. september. Ferðahópurinn safnaðist saman við flugvöllinn í Genf, en þar hitti hópurinn fararstjóran Gabriel Pic sem kom með rútuna sem ferðast var í alla ferðina, ásamt bílstjóranum Christelle. Það átti eftir að koma í ljós í ferðinni að Christelle hafði stáltaugar og var alvön að aka stórum bíl á þröngum og bröttum vegum um fjöllin. Undirbúningur ferðarinnar var unnin af Kristjáni M. Baldurssyni hjá Trex, sem því miður lést í sumar, auk þeirra Gabriel og Brynjólfs Jónssonar, hjá Skógræktarfélagi Íslands. Ferðin gekk mjög vel enda undirbúningur með besta móti. Í einu varð að breyta út af áætlun vegna veðurs, en ófært var um fjallaskörð sem fara átti næst síðasta daginn vegna snjóa og hálfu og var í þess stað farin láglendari leið.

Það sem einkenndi ferðina í fáum orðum var gleði og samkennd í ferðahópnum, skógar, fjallaskörð, ostur, handverk, könglar og kastalar.



Að ofan. Osturinn í fjallahéruðunum er góður og ekki síst osturinn sem kenndur er við Beaufort. Kýrnar eru hafðar á beit upp um öll fjöll og mjólkaðar í hreyfanlegum mjaltabásum (Mynd: Laufey B. Hannesdóttir).



Að ofan. Fjallaskálinn Refuge Napoleon neðan við skarðið Col d' Izoard sem er 2290 m y.s. Fjallaskálinn ásamt fleiri skálum voru reistir með styrk frá Napoleon III til minningar um sigurgöngu Napoleons I frá Elbe til Parísar 1815. Ferðahópurinn tindi köngla af bergfuru og elri í nágrenni skálans. Fleira í ferðinni minnir á Napoleon. Á leiðinni frá Lanslebourg var farið um Mont Cenis skarðið sem í rás sögunnar hefur gegnt miklu hlutverki við að koma hersveitum milli Frakklands og Ítalíu. Napoleon fór um skarðið í herleiðangri sínum yfir Alpna í maí 1800, sömu leið og þeir Hannibal og Karl mikli höfðu farið (Mynd: Gísli Karel Halldórsson).

T. v. Í sögunarmyllu rétt utan við Briancon. Myllan er fjölskyldufyrirtæki sem hefur langa reynslu í greininni. Mikill hugur er í íbúum fjallana að nýta skógin og möguleika til aukinnar skógræktar (Mynd: Gísli Karel Halldórsson).



Að ofan. Ferðahópurinn var rétt um 40 manns. Höfðu margir í hópnum farið í nokkrar fræðsluferðir með Skógræktarfélaginu áður þannig að í ferðinni gafst ánægjulegt tækifæri til að rifja upp gömul kynni. Hér er hópurinn með félögum úr Association Beaufortain duBois skammt fyrir utan Beaufort (Mynd: Brynjólfur Jónsson).

Félagslíf í fjarnámi

Skógræktarfélagið Dafnar er skógræktarfélag nemenda og starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Það var stofnað af þáverandi nemendum árið 2007 og er því eitt yngsta aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands.

Þeir sem standa að einhverskonar félagsstarfi í dag vita að það þarf að huga að ýmsu þegar kemur að skipulagningu viðburða og vinnudaga. Samkeppnin um frítíma fólks er mjög mikil, upplýsingaflæði á ýmsum miðlum er gífurlegt og hefur bara aukist með samfélagsmiðlum og öðrum miðlum á öldum alnetsins. Þannig geta tilkynningar drukknað í offramboði af upplýsingum og viðburðir tapað í forgangsröðun vegna tímaskorts. Við þetta glímir Skógræktarfélagið Dafnar eins og önnur félög, en til að gera verkefnið að alvöru áskorun þá þarf einnig að samþætta þrjá árganga skógfræði- og landgræðslunema (og annarra) sem flestir eru í fjarnámi og búa um allt Ísland. Sem betur fer þurfa nemendur að mæta á Hvanneyri nokkrum sinnum á ári í skyldumætingarvikur og þá kemur fyrir að fleiri en einn árgangur séu mættir á sama stað á sama tíma. Þessi dýrmætu augnablik eru vel nýtt til að halda fræðsluerindi, fara í skoðunarferðir, grisja skóga eða gróðursetja trjáplöntur í verktöku sem er ein aðal fjáröflun félagsins.

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 6. september síðastliðinn var tíminn nýttur vel. Fyrst var fundað, svo gróðursett og að lokum sest niður við eldinn, grillað og spjallað um landsins gagn og gæði. Viðburðir sem þessir eru mikilvægir fyrir litlar námsbrautir og sérstaklega fyrir fjarnema sem annars eru að mestu í sambandi við skólann sinn í gegnum tölvuna. Tölvu kemur seint í stað alvöru og gefandi mannlegra samskipta.

Takk fyrir síðasta starfsár og megi nýtt ár vera öflugt og fróðlegt í félagi Dafnars.

*Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Formaður Skógræktarfélagsins Dafnars*



*Bjarni Diðrik Sigurðsson, brautarstjóri skógfræði og landgræðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og ritari Skógræktarfélagsins Dafnar; Björk Kristjánsdóttir, skógfræðinemi á 2. ári og vara-
maður í stjórn Dafnars, María Danielsdóttir Vest, 2. ári, Ágúst Smári Beaumont, 1. ári og Bolli Pálmason, 1. ári (Mynd: SHP).*



Frá gróðursetningu 6. september 2016 í reit nálægt Hvanneyri (Mynd: SHP).



Kveikjum eld. F.v. María Danielsdóttir Vest, 2. ári, Björk Kristjánsdóttir, 2. ári, Þórhildur Ísberg, 1. ári og Guðmundur Freyr Kristjánsson, 2. ári (Mynd: SHP).

T. v. Ómissandi ketilkaffið eftir velheppnaða gróðursetningu og grill (Mynd: SHP).



Pönkið og skógrækt

Nýlega kom fram í fréttum að búið væri að stofna Pönksafn Íslands, á virðulegum stað í miðborg Reykjavíkur. Einhver orðaði það svo að þá væri pönkið líklega dautt. En nú er það svo að það eru til ýmsar hliðar á pönkinu og rétt að rifja upp af þessu tilefni, hvernig pönkið tengist skógrækt. Hér hjá Skógræktarfélagi Íslands starfaði um árabíl einn aðal pönkari hljómsveitarinnar Fræbbblanna, gítarleikarinn og skógfræðingurinn Arnór Snorrason, en hljómsveitin var stofnuð í Kópavogi á mektarárum pönksins árið 1978. Segja má að Arnór hafi með kaffistofuspjalli á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands á Ránargötu 18 kveikt þá hugmynd sem varð til þess að stofnaður var sjóðurinn Kolviður árið 2003, sem hefur unnið að skógrækt með það að markmiði að binda kolefni í trjágróðri. Hugmyndin var eins og flestar góðar hugmyndir hér á Íslandi fengin að utan, frá átrúnaðargoðinu Joe Strummer, söngvara The Clash, sem lét sig loftslagsmál varða. Arnór og félagar hans í hljómsveitinni Fræbbblunum héldu minningartónleika um Joe, á Gauk á Stöng ef ég man rétt, og rann aðgangseyririnn á tónleikana óskiptur inn sem stofnframlag Kolviðar. Ekki voru þetta nú umtalsverðar upphæðir en mjór er mikils vísir segir máltækið. Þegar leið á fyrsta áratug þessarar aldar vænkaðist hagur Kolviðar og meðal annars komu fjársterkir aðilar að fjármögnun fyrstu framkvæmda á Geitasandi á Rangárvöllum. Fór þessi velgengni og nokkur sláttur stuðningsfyrirtækja Kolviðar í taugarnar á nokkrum

mönnum sem sjaldan liggja á liði sínu. Meðal annars þótti tilhlýðilegt að kalla Kolviðarúrræðin „aflátsbréf“. Var bent á þá „pottþéttu staðreynd“ að miklu nær væri að grafa ofan í skurði og bleyta gamlar mýrar. Þannig er nú umræðuhefðin oft á Íslandi, bæði smætтуð og útúrsnúin.

Hvoru tveggja hefur engu að síður lifað af; hugmyndafræðin sem spratt upp úr pönkinu, þ.e. Kolviðarskógræktin, sem hefur hægt og bitandi sótt í sig veðrið og um leið andsvar þeirra sem sáu ofsjónum yfir henni, þ.e. mýrableytingarmenn, sem hafa hvatt til afturhvarfs. Umræðan sem spratt upp úr stofnun Kolviðar hefur átt framhaldslif og þess sá stað í nýverinni kosningabaráttu margra stjórnmálaflokka sem bentu á þessa leið til úrræða í baráttunni við loftslagsbreytingar. Vel að merkja, hvoru tveggja á sannarlega rétt á sér og í raun eru allar aðgerðir sem stuðla að því að draga úr eða binda kolefni mikilvægar. Öðruvísi verða loftslagsbreytingar ekki stöðvaðar. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að hinn fræðilegi grundvöllur mýrableytinga er í skötulíki. Fáar þjóðir utan Íslands hafa í raun áhuga á að nýta þetta úrræði og því vantar rannsóknir og staðfestingu á gagnsemi þess, sem stenst alþjóðleg viðmið.

En eitt er víst, pönkskógarnir eiga eftir að lifa a.m.k. næstu 100 árin og gera sitt gagn, þó annað dofnir og falli í gleyskunnar djúp.

Brynjólfur Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands



Kolviðarskógurinn á Geitasandi (Mynd: EG).



T. h. Skógræktarfélag Borgarfjarðar stóð nú í lok október fyrir ljósagöngu um skóginn í Reykholti og er það í fyrsta skipti sem félagið býður upp á slíka göngu, en þá er haldið í göngu út í skógi eftir að skyggja tekur, með vasaljós og luktir. Mættu á þriðja tug fólks í gönguna og gekk um skóginn undir leiðsögn heimamannanna sr. Geirs Waage og Óskars Guðmundssonar (Mynd: RF).

Svipmyndir skógræktar

T. v. Nú í byrjun september heimsóttu nemendur í skógfræði og landgræðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands Skógræktarfélag Íslands á skrifstofu félagsins. Fengu nemendurnir almenna kynningu á Skógræktarfélaginu og starfi þess og svo gafst tími fyrir spurning og svör og urðu hinar líflegustu umræður í kjölfarið (Mynd: RF).



Að ofan. Í nóvember var opinberað nýtt merki Skógræktarinnar, en sú stofnun varð til fyrr í ár við samruna Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt. Eftir var til lokaðrar samkeppni um nýtt merki og bárust alls átján hugmyndir. Merkið sem bar sigur úr þytum er eftir Halldór Björn Halldórsson, doktorsnema í grafískri hönnun vil tækniháskólan í Luleå í Svíþjóð (Mynd: Skógræktin).



Að ofan og neðst til vinstri. Skógur að vaxa úr sandi á Geitasandi á Rangárvöllum. Þar hefur verið gróðursett á vegum Kolviðarsjóðsins, en markmið hans er að gefa aðilum kleift að kolefnisjafna áhrif af starfsemi sinni, með gróðursetningu trjáplantna, þ.e. bindingu kolefnis í skógi. Voru fyrstu plönturnar settar niður á Geitasandi árið 2007 og hafa liðlega 340.000 plöntur verið gróðursettar þar síðan. Á efri myndinni má sjá plöntur sem gróðursettar voru á fyrstu árunum. Eins og sjá má dafna þær með ágætum og er nú að myndast hinn fallegasti skógur þar sem áður var gróðurlítill sandur. Það eru ýmsar tegundir sem hafa spjarað sig með ágætum, eins og sjá má á greniplöntunni á myndinni hér til vinstri. Þrátt fyrir að vera gróðursett í mjög rýrt land hefur smá áburðargjöf haft þau áhrif að tréð er bústið og þrífalegt. Annar gróður í kringum tréð hefur líka notið góðs af áburðinum, sem allt hjálpar til við að græða upp landið (Myndir: EG).



70 ára afmæli Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar fagnar 70 ára afmæli í ár, en félagið var stofnað þann 25. október 1946. Félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum í tilefni afmælisins, meðal annars fyrir stórum listviðburði í Höfðaskógi nú í sumar. Laugardaginn 5. nóvember var svo komið að formlegu afmælisveislunni, en þá bauð félagið upp á afmæliskaffi í Hafnarborg í Hafnarfirði.

Hófst afmæliskaffið með ávarpi Steinars Björgvinssonar, framkvæmdastjóra félagsins, en því næst söng Myrra Rós Þrastardóttir nokkur vel valin lög. Þess má til gamans geta að Myrra Rós er barnabarn Hólmfríðar Finnbogadóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra og formanns Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, og þekkir því mjög vel til félagsins. Næst tók til máls Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélagsins, og fór hann stuttlega yfir sögu félagsins. Því næst sagði Magnús Jónsson frá stofnfundi félagsins, en hann sat fundinn sem barn. Að því loknu var komið að kaffiveitingunum en boðið var upp á dýrindis kökur og brauðmeti.

Næsta atriði á dagskránni var útnefning heiðursfélaga, þegar Þorkell Þorkelsson var formlega gerður að heiðursfélaga Skógræktarfélagsins. Fór Jónatan yfir ævi Þorkels og störf og þá sérstaklega hið mikla sjálfboðaliðastarf sem hann hefur unnið fyrir félagið. Færði Steinar Þorkatli gullmerki félagsins til staðfestingar útnefningunni.

Næst kvað sér hljóðs Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra og færði félaginu árnaðaróskir. Haraldur Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, flutti því næst ávarp og kom hann inn á hin góðu tengsl félagsins við bæinn. Dagskrá lauk svo með því að Kristinn H. Þorsteinsson, fræðslufulltrúi Garðyrkjufélags Íslands, færði Skógræktarfélaginu kveðju Garðyrkjufélagsins og bók að gjöf.

Afmæliskaffið var samt ekki eini viðburður félagsins þennan dag, því fyrr um daginn var afhjúpaður bautasteinninn í landnemaspildu Hólmfríðar Finnbogadóttur og Reynis Jóhannssonar. Hólmfríður hóf störf hjá Skógræktarfélaginu árið 1980, tók við formennsku þess árið 1989 og varð síðan framkvæmdastjóri þess, en því starfi gegndi hún til 2013. Í tíð Hólmfríðar jókst fjöldi félaga jafnt og þétt og aðstaða starfsfólks var stórbætt. Hún var dugleg í að kynna félagið og starfsemi þessi og rækta tengsl við Hafnarfjarðarbæ og skógræktaraðila.




Jónatan Garðarsson (t.v.) og Steinar Björgvinsson (t.h) útnefna Þorkell Þorkelsson heiðursfélaga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, fyrir störf hans í þágu félagsins (Mynd: Rósa Sigurbergisdóttir).



Hólmfríður Finnbogadóttir við bautasteininn sem afhjúpaður var í landnemaspildu hennar og eiginmanns hennar, Reynis Jóhannssonar, en hann lést árið 2012 (Mynd: Jónatan Garðarsson).

Svipmyndir skógræktar



Nokkur tré í skógi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hamrahlíð höfðu orðið vetrarstormi að bráð og voru því söguð niður og keyrð út nú í lok ágúst. Efninu verður flett á nýrri flettisög sem félagið hefur aðgang að. Sexhjólið og nýi útdráttarvagninn henta mjög vel við smærri verk í skóginum, eins og sjá má á myndinni að ofan. Á myndinni til hægri má sjá þá Björn Traustason og Albert Skarphéðinsson, sem sáu um verkið (Myndir: Bjarki Kjartansson).



Skógarferð til Bresku-Kólumbíu 2017

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund, til að fræðast um skóga og skógrækt viðkomandi lands. Ferð ársins 2017 er nú í undirbúningi og er stefnan tekin vestur um haf, til Bresku-Kólumbíu í Kanada. Eins og verið hefur verður blandað saman skógartengdri fræðslu og almennri skoðun á náttúru, sögu og menningu viðkomandi svæðis

Ferðin verður farin dagana 9. – 21. september. Flogið verður til Edmonton 9. september og ekið þaðan um hið stórbrotna landslag Klettafjallanna til Vancouver, en á leiðinni verða meðal annars heimsóttir Banff og Jasper þjóðgarðarnir. Haldið verður út á Vancouver Island eyjuna og höfuðborg fylkisins, Victoria, heimsótt, en hún hefur lengi verið þekkt sem „Garðaborgin“ (City of Gardens). Meðal annars verður einn þekktasti garðurinn, Butchart Gardens, heimsóttur. Flogið verður svo heim frá Vancouver síðdegis 20. september og lent í Keflavík að morgni 21. september.

Þess má til gamans geta að Kanada fagnar 150 ára afmæli sínu árið 2017 og verður haldið upp á það á ýmsa vegu í Kanada á næsta ári.



Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150. Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina og því mun gilda – fyrstur kemur – fyrstur fær.



Jóla- og tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands 2016

Að venju gefur Skógræktarfélag Íslands út tækifæriskort fyrir árið 2016. Kortið prýðir mynd eftir kínverska listamanninn Wu Shan Zhuan, er heitir Skógur. Þessi mynd er einnig á forsiðu 2. tölublaðs Skógræktarritsins 2016.

Ekkert er prentað inn í kortin, þannig að þau nýtast við hin ýmsu tilefni – sem jólakort, afmæliskort, boðskort eða hvaðeina sem fólki dettur í hug.

Kortin eru seld 10 saman í pakka með umslögum á kr. 2.000. Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í Þórunnartúni 6, 2. hæð. Einnig er hægt að panta kortin í síma 551-1850 eða með tölvupósti til skog@skog.is og fá þau póstsend, en þá bætist við póstburðargjald.

Einnig fæst enn nokkuð úrval eldri tækifæriskorta og kostar pakinn af þeim kr. 1.000. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is/kort.

Barnahornið - lausn gátu í 2. tbl. Laufblaðsins 2016



Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

